

143

ÁLITS- OG MATSGJÖRD
varðandi landbrot
FRÓÐAR Í FRÓÐÁRHREPPÍ

- YFIRMAT -

Reykjavík, 1. nóvember 1958

ÁLITS- OG MATSGJÖRD VARDANDI LANDBROT FRÓDÁR í FRÓDÁRHREPPU

Hinn 19. okt. 1956 dómkvaddi sýslumaður Snæfellsness- og Hnappadalssýslu þá Vilhjálm Ögmundsson, Guðstaf Pálsson, Ólaf Pálsson og Sigurjón Rist til að framkvæma yfirmat á því, hvort tjón og landspjöll í landi Fróðár stafi af brúargerð á ánni. Síðan var ákveðið, að Rögnvaldur Þorláksson taki satti Guðstafs við yfirmatið.

Að kvöldi hins 22. sept. 1958 komu undirritaðir til Ólafsvíkur til að framkvæma umbeðið yfirmat og voru aðstaður athugaðar hinn næsta dag. Mættir voru á staðnum, f.h. eigenda Fróðár þeir Jón B. Jónsson, Reykjavík, og Ólafur Bjarnason á Brimilsvöllum í Fróðárhreppi og f.h. Vega-gerðarinnar Ásgeir Ásgeirsson, skrifstofustjóri. Yfirmatsmenn hafa kannað þau gögn, er fyrir liggja og skyrðu málsmáilar viðhorf sín. Auk þess rellu matsmenn við Þorgils Þorgilsson, bónda að Innri-Bug í Fróðárhreppi og síðan rellu þrír þeirra við Kristján bónda Þórðarson á Fróðá, sem staddur var á Landakotsspítala í Reykjavík. Matsmenn hafa gert sér grein, eftir beztu getu, fyrir ástandi farvegarins, áður en bruin var gerð árið 1957 eða fyrir 21 ári. Fyrir ofan þessinn Fróðá kom áin út úr klettagili 30-40 m breiðum, rann hún þáan í aðalfarvegi á þeim stað, er bruin var gerð. Ber þáum aðilum saman, að svo hafi verið. Þó taldi Kristján, að aðalfarvegurinn hafi legið 4-6 m austar. Þáan rann hún niður eftir áreyrunum niður í Fróðárvatn. Í starstu flóðum breiddi hún sig út yfir allan farveginn, eftir að hún kom út úr klettagilinu og kvíslaðist við vegar út yfir engjarnar norðan við Fróðárbæ, berandi grjót og aur með sér yfir þær. Aðalfarvegur árinnar lá nokkuð sitt á hvað, án þess að brjóta land verulega. Þó mun hafa verið möl í botni í farvegum starstu kvíslanna alla leið niður að vatni.

Úr Fróðárvatni var rennsli til vesturs meðfram svonefndu Fróðárrifi í Bugsvatn, er hafði útrennsli til sjávar um Bugsós vestur undir Bugsmúla. Farvegurinn milli Fróðárvatns og Bugsvatns var grunnur; lengd hans var um hálfur kílómeter. Í botni hans var sandur og möl. Þessi þróskuldur milli vatnanna kom í veg fyrir, að vatnsborð Fróðárvatns laukkaði verulega þótt lágsjávað væri. Stórstraumsflóða gætti aftur á móti í vatninu og má af því nokkuð ráða hað Fróðárvatns. Spildan næst vatninu voru stararengjar.

Tveir atburðir hafa á síðari árum valdið breytingu á rennsli Fróðár og verður hér gerð grein fyrir áhrifum hvors um sig.

1) Hinn 16. sept. 1936 geisaði ofsaveður við vesturströnd landsins og fylgdi því eitt mesta hafrot síðari ára og gekk sjór viða hátt á land upp. Nokkru síðar fékk Fróðárvatn útrás um nýjan ós til sjávar austast úr vatninu við svonefndan Haukabrekkuhöfða. Ósinn gróf sig strax djúpt niður í malarkambinn. Við það laukkaði vatnsborðið mikið. Nokkurt vatnsmagn var þó að jafnaði innan við malarkambinn, en hvarf með öllu um stórstraumsfjöru. Síðustu aldirnar hafði rennslið til hafs verið úr Bugsvatni eins og áður segir, svo að gagngerar breytingar á útrennslinu eru ekki tíðar. Bein afleiðing hinnar skyndilegu laukkunar Fróðárvatns er sú, að fall árinnar eykst því sem laukkuninni á vatnsborði vatnsins nemur og þar með vex mættur hennar til að grafa sig niður. Dýpkun farvegarins hefst neðst, næst vatninu og farist smál saman upp eftir ánni, þar til hún hefur náð föstum botni, sem í þessu tilfelli hefði mætt búast við, að væri í nánd við klettagilið. Rennsli árinnar miðar að því smál saman að jafna hallann á þessu svæði, þar til nokkru jafnvægi er náð aftur. Ár sem þessar eru óstöðugar í farvegi sínum. Þegar þær eru farnar að grafa sig niður, leita þær venjulega á bakkana og grafa undan þeim og brjóta land oft til beggja handa.

Það er sümuleiðis eðlileg afleiðing hinnar skyndilegu vatnsborðslakkar Fróðárvatns, að grunnvatnsborðið laekkar í neðstu engjaspildunum og upp eftir áreyrunum. Við þurkun jarðvegssins verður hið seiga myrlendi að víkja fyrir valllendisgróðri, sem veitir mun minna viðnám fyrir landbroti árinnar en myrlendið. Við það, að án grefur sig niður upp eftir farveginum laekkar á sama hátt grunnvatnsborðið í spildunum næst henni og verður því hættara við frekara landbroti upp með henni.

Af framangreindum ástasöum teljum við, að af vatnsborðslakkun Fróðárvatns einni hefði leitt það, að Fróðá hefði tekið að grafa sig niður og brjóta land meðfram farveginum frá vatni upp undir klettagilið.

2) Árið 1937 var gerð brú yfir Fróðá um 150 m fyrir neðan klettagilið. Eins og áður getur var brúin gerð yfir aðalfarveg árinnar. Nokkru síðar voru byggðir varnargarðar til varnar veginum beggja megin ofan brúarinnar. Aðgerðir þessar girtu fyrir, að án flæddi út yfir allan farveginn í starstu flóðum og hún var um leið bundin í ákveðinn farveg. Ljóst er, að megin hluti vatnsins hefur áður runnið um það bil þar sem brúin er nú, en varnargarðarnir beina nú undir brúna því vatni, sem áður hefði runnið í starstu flóðum austan við brúarstaðið.

Dragár, eins og Fróðá, hlaða upp keilulagaðar áreyrar. Topppunktur keilunnar er á þeim stað, þar sem dragánni er haldið fastri í farveginum, þaðan kvíslast hún niður eftir henni og getur farvegurinn verið mjög breytilegur. Áður var topppunktur keilunnar uppi við klettagilið, en við brúargerðina hefur hann færzt um 150 m neðar, niður fyrir brú. Við brúargerðina hefur verið þrengt að ánni og hefur það í fyr með sér, að straumpunginn vex talsvert í flóðum við brúarstaðið, miðað við það ástand, er var áður en brúað var. Vegna þess hefði mætt vanta, að án greifi sig niður við brúna og bryti land á takmörkuðu

svæði neðan hennar og myndaði síðan gryninggar, þar sem hún félleit út yfir með eðlilegum hattí. Þetta er ekki eins áberandi og skyldi vegna þess, að án hefur grafið sig niður af öðrum orsakum, leikkun Fróðárvatns og eins hefur árfarvegurinn verið dýpkaður með ýtu við gryningarnar fyrir neðan brúna. Álitum við brúargerðina óverulega rúskun á farvegi árinnar og teljum landbrotið á takmörkuðu svæði neðan hennar af hennar völdum, en að til brúargerðarinnar sé ekki haagt að rekja það landbrot, sem átt hefur sér stað alla leið niður að vatni. Þá hafa varnargarðarnir austan árinnar og vegurinn varnað nokkurri spildu fyrir skemmdum frá ánni austan hennar.

Hér hefur verið rest um þá tvo atburði, sem hafa haft áhrif á rennali Fróðár. Leikkun vatnsborðs Fróðárvatns, sem stuðlar að því, að án fer að grafa sig niður og brjóta landa vantanlega alla leið upp undir klettagilið og brúargerðina, sem hefur í för með sér landbrot á takmörkuðu svæði en varnargarðarnir varna annarri spildu, sem áður lá undir skemmdum, fyrir ágangi árinnar.

Að þessum tveim ástæðum athuguðum teljum við engan veginn sannað, að brúargerðin hafi orsakað meiri skemmdir á landi jarðarinnar Fróðá, heldur en þar, sem orðið hefðu af völdum árinnar við leikkun Fróðárvatns ef engin brú hefði verið gerð yfir ána.

Teljum við því, að landeigendur geti ekki með rétti krafíð Vegagerðina skaðabóta vegna landspjalla af völdum Fróðár.

Þá teljum við fullvist, að brúargerðin hafi engin áhrif haft á fiskigöngu í ána, enda hafa engin gögn verið lögð fram þar að lútandi.

Önnur atriði í matsbeiðninni, sem óskað er mati á, falla burt við niðurstöður þessar.

Teljum við okkur með þessu hafa gert grein fyrir
álditi okkar á þeim atríðum, er til var stlað.

Reykjavík, 1. nóvember 1958,

Rögnvaldur Þorlaksson

Sigurjón Rist

Vilhjálmur Ógmundsson

Olafur Palsson